

**Varðar: Hesthals 14 – byggingaleyfi skilta**

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. ágúst 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 26. júlí 2022 þar sem sótt er um leyfi fyrir 12 auglýsingastöndum með led-skjá, 1,40 m breidd og 2,36 m á hæð á 12 stöðum í borginni sem eru þessir: Bæjarhals, Höfðabakki, Jónsgeisli, Skógarsel, Stekkjarbakki, Þúsöld, Vonarstræti, Kalkofnsvegur, Njarðargata, Gamla Hringbraut, Strandvegur og Laugavegur, öll skráð á lóð nr. 14 við Hesthals.

**Skipulag í gildi**

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022.

**Umsögn**

Hér er sótt um byggingaleyfi fyrir 12 af þeim auglýsingastöndum sem heimilt er skv. samningi sem Reykjavíkurborg gerði við verktakan Dengsa ehf um rekstur biðskýla og auglýsingastanda innan borgarmarkanna. Sá samningur fjallar um útteigun, uppsetningu, rekstur, viðhald, upprif og frágangi í samningslok á götugögnum í Reykjavík þ.e. biðskýlum fyrir strætisvagna annars vegar og auglýsingastöndum hins vegar. Lok samningstíma er 30. september 2033. Um er að ræða standa með innbyggðum auglýsingaskiltum.

Samkvæmt útboðinu og samningnum þá er verktakanum Dengsa ehf. heimilt að reisa allt að 50 auglýsingastanda og 400 biðskýli, en þó að lágmarki 210 biðskýli, þó eru 10 af 50 auglýsingastöndum staðsettir af Reykjavíkurborg og nýtir borgin báðar hliðar þeirra standa. Þeir standar sem borgin staðsetur eru ljósakassar og þ.a.l. ekki LED skjáir. Stærð standanna er 1,4 x 2,36 m, sem er svipuð og og stærð auglýsingatafla sem sett eru upp í biðskýlum. Festast þeir við steinsteyptar undirstöður.

Skilti eru hluti af útliti borga og séu þau vel útfærð geta þau aukið á borgarbrag og læsileika borgarinnar. Borgarumhverfi er okkar sameiginlega rými og geta skilti haft mikil áhrif á upplifun þess, því verður að vanda til verka þegar kemur að ákvörðun um fyrirkomulag skilta. Reglunum er skipt upp í almenn ákvæði og ákvæði eftir landnotkunarflokkum og eru reglurnar unnar í samræmi við markmið aðalskipulags Reykjavíkur 2040 og þeim stefnumiðum sem þar koma fram um gæði byggðar. Markmið með reglum og samþykktar um skilti í Reykjavík er:

1. Að skilti séu íbúum borgarinnar ekki til ama eða óþæginda og að þau skerði ekki hönnun mannvirkja, hafi neikvæð áhrif á umhverfi eða skerði ásýnd borgarinnar.
2. Að hafa stjórn á fjölda, gerð, stærð, uppsetningu og staðsetningu skilta í lögsögu Reykjavíkur þannig að þau ógni ekki öryggi vegfarenda.
3. Að auðvelda afgreiðslu byggingarleyfisumsókna um skilti þegar það á við.


Leiðir að markmiðum eru nokkrar t.a.m. öryggi, umhverfi og ásýnd, íbúar, afgreiðsla og lög og reglugaerðir. Samþykktin fjallar um skilgreiningar á skiltum og t.a.m. varðandi auglýsingaskilti þá er það hvaða orð, stafur, merki, veggspjald, spjald, tjald, tæki/búnaður eða efni sem sett er upp í því skyni að koma upplýsingum á framfæri. Samþykktin gildi innan lögsögu Reykjavíkur og gildir hún um skilti í borgarlandi og á einkalóðum. Ákveðnar undanþágur eru tilgreindar t.a.m. er varðar auglýsingar innanhúss, umferðarmerki, vinnusvæðamerkingar, skilti og auglýsingar á hliðum biðskýla fyrir strætó o.fl.

Samkvæmt 2. kafla í samþykkt um skilti í Reykjavík eru skýlin og standarnir sem verið er að sækja um undanþegnir samþykktinni, nema það sem við kemur birtustigi og hreyfimyndum.

**Bæjarháls:** Er komið upp. Staðsett á borgarlandi, miðsvæði M16. Engin grenndaráhrif eru á íbúðarbyggð, engar athugasemdir gerðar.




**Höfðabakki:** Er komið upp, staðsett á borgarlandi, á miðsvæði M4b. Engin grenndaráhrif á íbúðarbyggð. Engar athugasemdir við staðsetningu.






**Jónsgeisli:** Er komið upp. Staðsett á borgarlandi á íbúðarsvæði ÍB56. Takmörkuð grenndaráhrif, ekki gerðar athugasemdir við staðsetningu.




**Skógarsel:** Er komið upp. Staðsett á borgarlandi á íbúðarsvæði ÍB43. Takmörkuð grenndaráhrif, ekki gerðar athugasemdir við staðsetningu.



**Stekkjarbakki:** Er komið upp. Er staðsett á borgarlandi á opnu svæði, OP25. Takmörkuð grenndaráhrif, ekki gerðar athugasemdir við staðsetningu.



**Þúsöld:** Er komið upp. Er staðsett á borgarlandi á miðsvæði M9b. Takmörkuð grenndaráhrif, ekki gerðar athugasemdir við staðsetningu.





**Vonarstræti:** Er ekki komið upp, yrði staðsett á miðborgarsvæði, M1a, hugsanlega að hluta til á lóð Ráðhúss. Skiltið hefði takmörkuð áhrif á íbúðarbyggð en staðsetning þess á gangstétt gæti hindrað gangandi vegfarendur. Því eru gerðar athugasemdir við staðsetningu þess. Finna skal aðra staðsetningu á borgarlandi.



**Kalkofnsvegur:** Er ekki komið upp, yrði staðsett á miðborgarsvæði, M1a. Engin grenndaráhrif á íbúðarbyggð en virðist staðsett innan lóðar Austurbakka 2.

Gerðar eru athugasemdir við þessa staðsetningu, finna skal aðra staðsetningu á borgarlandi.



**Njarðargata:** Er ekki komið upp. Yrði staðsett á borgarlandi á íbúðarsvæði ÍB10. Hugsanleg grenndaráhrif á íbúðarbyggð við Lokastíg. Yrði staðsett á miðju torgi við enda Njarðargötu og yrði því eins og miðpunktur torgsins. Það er ekki heppileg staðsetning og hefði neikvæð áhrif á borgarbraginn á torginu og nágrenni þess. Gerðar eru athugasemdir við þessa staðsetningu, finna skal aðra staðsetningu, fjær torginu.



**Gamla Hringbraut:** Er ekki komið upp. Yrði staðsett á borgarlandi á íbúðarsvæði ÍB12. Nálægt íbúðarhúsum og því grenndaráhrif. Einnig of nálægt almenninggarði norðan við. Gerðar eru athugasemdir við þessa staðsetningu, finna skal aðra staðsetningu.






**Strandvegur:** Er komið upp. Er staðsett á borgarlandi, á opnu svæði OP30. Takmörkuð grenndaráhrif, ekki gerðar athugasemdir við staðsetningu



**Laugavegur:** Er ekki komið upp. Yrði staðsett á borgarlandi á íbúðarsvæði ÍB20. Staðsetning er of nálægt Kringlumýrarbraut sem er á forræði Vegagerðarinnar. Því eru gerðar athugasemdir við þessa staðsetningu. Finna skal aðra staðsetningu.



## Niðurstaða

- Ekki eru gerðar athugasemdir við staðsetningu skilta sem þegar eru komin upp, þ.e. við Bæjarháls, Höfðabakka, Jónsgeisla, Skógarsel, Stekkjarbakka, Þúsöld og Strandveg.
- Gerðar eru athugasemdir við staðsetningu skilta við Vonarstræti, Kalkofnsveg, Njarðargötu, Gömlu Hringbraut og Laugaveg/Kringlumýrarbraut. Ekki heppilegar staðsetningar vegna ýmissa þátta. Finna skal aðrar staðsetningar fyrir þau skilti.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sigríður Lára Gunnarsdóttir, verkefnastjóri